

Reykjavík, 6. mars 2012

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið  
b/t Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri  
Sigríður Norðmann, lögfræðingur

Í framhaldi af svari ráðuneytisins við fyrirspurn minni um starfshóp sem hefur það verkefni að endurskoða reglugerðir um arðskrár í veiðifélögum og um starfsemi veiðifélaga, fylgja hér með bréf sem ég sendi Óðni Sigbórssyni, formanni starfshópsins þann 13. janúar. 2012.

Ég vil með því tryggja að ráðuneytið hafi þær upplýsingar undir höndum.

Ég tel næsta víst að ráðherra hafi skipað þennan starfshóp í tilefni af málum varðandi Tungufljót, sem upp hafa komið innan Veiðifélags Árnesinga.

Það er nú liðið rúmt ár síðan ég hóf að kynna mér ítarlega lög og reglur varðandi veiðifélög, eftir að ég frétti að Lögreglustjórinn á Selfossi hefði ákært landeigendur (hjón) fyrir að hafa stundað stangveiði fyrir sínu eigin landi, án leyfis.

Fljótlega komst ég að því að það eru ekki lax- og silungsveiðilögin nr. 61/2006 sem eru vandamálið. Heldur ekki reglugerðir um starfsemi veiðifélaga eða arðskrár.

Vandamálið er vilji fjölmargra aðila til að fara á svig við lögin, með því sérstaklega að "stofna" deildir innan veiðifélaga í stað þess að deildarskipta öllu veiðifélaginu með breytingu á samþykktum eins og kveðið er á um í lögum og reglugerðum.

Til þess hafa þeir notið dyggrar aðstoðar lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, en forstöðumaður þess er einmitt einn af meðlimum starfshópsins.

Þetta kemur allt skýrt fram í meðfylgjandi afriti af beiðni minni til Lagastofnunar Háskólans um álitserð varðandi deildir í veiðifélögum, sem þeir af einhverjum ástæðum töldu sér ekki fært að gera.

Með þessu erindi sendi ég einnig viðbótarupplýsingar um þessi málefni Tungufljóts, einkum þau sem bæst hafa við eftir að beiðnin um álitserðina var send til Lagastofnunar Háskólans í nóvember 2011.

Ef ráðuneytið hefur áhuga á, eftir lestur þessara skjala, að fá nánari upplýsingar eða afrit af gögnum sem staðfesta það sem þar kemur fram, er ég reiðubúinn að verða við því.

Jafnframt fer ég hér með fram á fund um þessi málefni hið fyrsta með ykkur og þeim aðilum til viðbótar sem þið kjósið ef einhverjir eru.

Kveðja,  
Gunnar Briem  
s. 821-6110

Meðfylgjandi skjöl:

1. Gögn send formanni starfshópsins 13. jan. 2012 :
  - a) Bréf til Landssambands veiðifélaga
  - b) Beiðni um álitserð varðandi deildir veiðifélaga
  - c) Nýjársávarp Lögreglustjórans á Selfossi
  - d) Minnisblað um friðhelgi eignarréttar
2. Viðbótarupplýsingar